

## SAMKOMULAG


**Bandalags háskólamanna, BSRB og Kennarasambands Íslands, annars vegar, og fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. ríkissjóðs, og Sambands íslenskra sveitarfélaga, hins vegar, um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna**

Viðræður hafa staðið milli Bandalags háskólamanna (BHM), BSRB og Kennarasambands Íslands (KÍ), annars vegar, og fulltrúa ríkisins og sveitarfélaga, hins vegar, um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. Þessar breytingar miða að samræmingu lífeyrisréttinda á almennum og opinberum vinnumarkaði, að aldurstenging réttinda verði grundvallarregla kerfisins og að lífeyristökualdur verði hækkaður til að stuðla að sjálfbærni þess. Breytingarnar miða að því að koma á samræmdu lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn.

Undirrituð, f.h. ríkis, Sambands íslenskra sveitarfélaga og heildarsamtaka opinberra starfsmanna lýsa sig samþykkt eftirfarandi forsendum, markmiðum og ráðstöfunum um skipan málefna A-deilda Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) og Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga (Brú):

### 1. Markmið og forsendur

- a. Lífeyriskerfi landsmanna verði sjálfbært. Allir búi við samræmt fyrirkomulag í lífeyrismálum og geti fært sig milli lífeyrissjóða hvenær sem er starfsævinnar án þess að það hafi áhrif á réttindaávinnslu.
- b. Unnið verði markvisst að því að jafna kjör launafólks á opinberum og almennum vinnumarkaði eins og kostur er.
- c. Réttindi núverandi sjóðfélaga í A-deildum LSR og Brúar verði jafn verðmæt fyrir og eftir þær breytingar á skipan lífeyrismála sem kveðið er á um í samkomulagi þessu. Við jöfnun á tryggingafræðilegri stöðu og breytingar á réttindaávinnslu verði verðmæti núverandi sjóðfélaga sérstaklega tryggð.
- d. Útgjaldaskuldbindingar ríkis og sveitarfélaga vegna A-deilda LSR og Brúar verði sambærilegar við það sem orðið hefði miðað við núverandi skipan.



## 2. Gildistaka breytinga á lögum og samþykktum

- a. Breytt skipan lífeyrismála taki gildi 1. janúar 2017 og samhliða falla almenn lagaákvæði um A-deild LSR úr gildi.
- b. A-deild LSR starfi skv. almennum lögum um lífeyrissjóði og, að takmörkuðu leyti, lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og verða réttindi sjóðfélaga byggð á samþykktum.
- c. Samhliða verði samþykktum Brúar breytt til að endurspegla efni samkomulags þessa.

## 3. Breytt ávinnsla réttinda

- a. Framtíðarskipan lífeyriskerfisins byggi á skilgreindum iðgjöldum í stað skilgreindra réttinda.
- b. Ávinnsla lífeyrisréttinda í A-deildum LSR og Brúar verði aldurstengd en ekki jöfn líkt og nú er.
- c. Lífeyristökualdur hækki 1. janúar 2017 úr 65 árum í 67 ár, en sjóðfélögum verði áfram gefinn kostur á sveigjanleika varðandi upphaf lífeyristöku.
- d. Við framangreindar breytingar verði verðmæti réttinda núverandi sjóðfélaga tryggt með sérstökum framlögum til sjóðanna af hálfu launagreiðenda.

## 4. Fjármögnun skuldbindinga vegna núverandi sjóðfélaga

- a. Breyting úr jafnri í aldurstengda ávinnslu réttinda, ásamt hækkun lífeyristökualdurs úr 65 í 67 ár, veldur að öðru óbreyttu skerðingu réttinda sem er háð aldri sjóðfélaga. Launagreiðendur munu leggja sjóðunum til skilgreind framlög, sem byggja á tryggingafræðilegu mati á þessari skerðingu. Nánar er kveðið á um framlög þessi í samningi fjármála- og efnahagsráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga um lífeyrismál sem staðfestur er í tengslum við samkomulag þetta.
- b. Til að tryggja réttindi núverandi sjóðfélaga þarf að leggja A-deild LSR til um 91,3 milljarða kr. og A-deild Brúar um 28,1 milljarða kr. að núvirði. Framlög in mynda svokallaða lífeyrisaukasjóði. Fjárhæðirnar eru byggðar á núgildandi tryggingafræðilegum forsendum að öðru leyti en því að horft er til lífslíkna m.v. reynslu árána 2010-2014.
- c. Lífeyrisaukasjóðir verða hluti af hreinni eign A-deilda LSR og Brúar og nýttir til að uppfæra reglulega það sem upp á vantar að iðgjaldagreiðslur samsvari réttindum núverandi sjóðfélaga og tryggja þannig að hver og einn sjóðfélagi haldi jafn verðmætum réttindum og orðið hefði í óbreyttu kerfi.
- d. Ríki og sveitarfélög tryggja núverandi sjóðfélögum í A- deildum LSR og Brúar sem starfa hjá stofnunum og félögum í þeirra í eigu (aðilar í B- og C-hluta ríkisreiknings, sbr. 50. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015 og samsvarandi aðilar í B- hluta sveitarsjóða og byggðasamlög) rétt sem leiðir af greiðslu iðgjalda í lífeyrisaukasjóði og að þeir sæti ekki

þor  
Bilun  
unz  
ydz

neinskonar mismunun sem af því kann að hljóttast, s.s. vegna kostnaðar. Fyrirtæki og stofnanir í A-, B- og C-hluta ríkisreiknings og samsvarandi aðilar hjá sveitarfélögum greiða 15,5% iðgjald. Lífeyrisaukasjóðurinn greiðir það sem vantar upp á breytilegt iðgjald fyrir hvern sjóðfélaga en um endurkröfu fer skv. fyrirbyggjandi drögum að frumvarpi til laga um breytingar á lögum um LSR. Aðrir launagreiðendur greiða breytilegt iðgjald. Breytilegt iðgjald er ákveðið af stjórn sjóðsins árlega og skal það vera eitt og hið sama fyrir alla sjóðfélaga.

## 5. Varúðarsjóðir

- a. Ábyrgð launagreiðenda á breytilegu iðgjaldi A-deilda LSR og Brúar verði afnumin 1. janúar 2017 enda séu framtíðarskuldbindingar viðkomandi launagreiðenda að fullu tryggðar.
- b. Launagreiðendur leggja til tiltekin framlög í sérstaka varúðarsjóði. Hlutverk varúðarsjóða er að styðja við lífeyrisaukasjóði A-deilda LSR og Brúar. Vísað er til Viðauka 1 og Viðauka 2 við samkomulag þetta um hlutverk sjóðanna.

## 6. Fjármögnun skuldbindinga B-deildar LSR og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga (Lh)

Í fjármálaáætlun 2017-2021 er gert ráð fyrir verulegum framlögum úr ríkissjóði til að greiða inn á ófjármagnaðar skuldbindingar B-deildar LSR og Lh til næstu áratuga.


## 7. Jöfnun launa

Það er sameiginleg stefna fulltrúa opinberra launagreiðenda og bandalaga opinberra starfsmanna að laun og önnur kjör hjá hinu opinbera séu samkeppnisfær. Vinna þarf sérstaklega að því að jafna laun einstakra hópa milli almenns og opinbers vinnumarkaðar og munu aðilar beita sér fyrir því að sérstaklega verði unnið að slíkri launajöfnun. Þetta gildir einnig um laun og kjör félagsmanna sem hefja störf í nýju aldurstengdu lífeyriskerfi.

Laun og launamyndun getur verið mismunandi eftir störfum, stéttarfélögum og launagreiðendum. Við leiðréttingu á launamun verður tekið tillit til þessa enda aldrei hægt að fullyrða að hver einasti hópur starfsmanna sé rétt launasettur - ákveðnir hópar á opinberum vinnumarkaði geta verið aðeins undir sambærilegum hópum á almennum markaði og aðrir aðeins yfir. Hins vegar er mikilvægt að ekki sé kerfislægur og ómálefnalegur launamunur á milli markaða.

Aðilar að samkomulagi þessu eru sammála um að vinna að jöfnun launa með eftirfarandi hætti:

- a. Í tengslum við mat á launaþróun verði lögð sérstök áhersla á greiningu á launamun milli opinberra og almenna markaðarins og þróuð aðferðafræði í því sambandi.
- b. Skilgreind verði hlutlæg viðmið um hvenær leiðréttá beri launamun einstakra hópa og séu þau uppfyllt verði hægt að ákvarða tiltekið svigrúm ríkisins annars vegar og sveitarfélaga hins vegar til jöfnunar launa.




- c. Til að ná þeim markmiðum að leiðrétta laun milli markaða skal settur á fót samráðshópur skipaður þremur fulltrúum heildarsamtaka opinberra starfsmanna og þremur fulltrúum launagreiðenda. Samráðshópurinn skal setja fram tillögur að áætlun um hvernig markmiðum um jöfnun launa skuli náð með útfærslu í kjarasamningum á 6-10 árum. Hópurinn skal einnig fylgja eftir framkvæmdinni. Á grundvelli þeirra kjarasamninga munu ríki og sveitarfélög skuldbinda sig til að leggja til fjármuni svo sett markmið náist á tilsettum tíma. Ef upp kemur óleysanlegur ágreiningur skal hann útkljáður í kjarasamningsviðræðum.
- d. Áður en til þess kemur að samráðshópurinn taki til starfa skal láta á það reyna hvort tekið verði tillit til jöfnunar launamunar milli markaða við mótun nýs vinnumarkaðslíkans. Aðilar munu því á þeim vettvangi beita sér sérstaklega fyrir því að nýtt vinnumarkaðslíkan feli í sér skýr markmið um launajöfnun á milli hópa á almennum og opinberum vinnumarkaði. Náist ekki niðurstaða í þeim efnum sem aðilar samkomulags þessa geta fallist á skal samráðshópurinn hefja störf eigi síðar en 1. apríl 2018.

þóv  
Bren  
BO

Samkomulag þetta er gert með fyrirvara um að (1) Alþingi samþykki nauðsynlegar breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 1/1997; (2) að Alþingi veiti heimildir á fjárlögum til þess að samkomulagið, ásamt samningi ríkis og sveitarfélaga um lífeyrismál, sem gert er í tengslum við samkomulag þetta, verði efnt; og (3) um skuldbindingu hvers og eins sveitarfélags sem fer samkvæmt samningi ríkis og sveitarfélaga um lífeyrismál.


Reykjavík, 19. september 2016,




fjármála- og efnahagsráðherra  
f.h. ríkissjóðs




Staðfest af forsætisráðherra




Formaður  
f.h. BSRB



Formaður  
f.h. Sambands íslenskra  
sveitarfélaga



Formaður  
f.h. Bandalags háskólamanna



Framkvæmdastjóri  
f.h. Sambands íslenskra  
sveitarfélaga



Formaður  
f.h. Kennarasambands Íslands

## Viðauki 1

með samkomulagi Bandalags háskólamanna, BSRB og Kennarasambands Íslands, annars vegar, og fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. ríkissjóðs, og Sambands íslenskra sveitarfélaga, hins vegar, um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna:

### Varúðarsjóður lífeyrisaukasjóðs A-deildar LSR

- I. Með sérstöku samkomulagi ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga, annars vegar, og Bandalags háskólamanna (BHM), BSRB og Kennarasambands Íslands (KÍ) er kveðið á um að launagreiðendur leggi A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og A-deild Brúar lífeyrissjóði til fjármuni sem standa munu undir skuldbindingum sem stofnast við greiðslu lífeyrisauka til handa núverandi sjóðfélögum. Þessi framlög myndi sérstaka sjóði, svokallaða Lífeyrisaukasjóði.  
  
Að auki reiða ríki og sveitarfélög fram fjármuni í sérstaka Varúðarsjóði, sem ætlað er að styðja við Lífeyrisaukasjóði LSR og Brúar.
- II. Ríkissjóður leggur til tiltekna fjárhæð í varúðarsjóð LSR. Fjárhæðin skal vera 8,4 milljarðar kr.
- III. Höfuðstóll varúðarsjóðs er varðveittur og ávaxtaður af LSR, en hann skal aðgreindur frá öðrum fjármunum sem LSR fer með og telst ekki með í reiknaðri hreinni eign til greiðslu lífeyris. Árleg ávöxtun varúðarsjóðs er lögð við höfuðstól hans.
- IV. Ekki er heimilt að ganga á höfuðstól varúðarsjóðs í fimm ár eftir að til hans er stofnað. Að fimm árum liðnum skal árlega leggja mat á stöðu Lífeyrisaukasjóðs:
  - a. Sé tryggingafræðileg staða Lífeyrisaukasjóðs skv. árlegu mati neikvæð um 10% eða meira í lok næstliðins árs eða sé hún neikvæð um að jafnaði a.m.k. 5% næstliðin 5 ár (sbr. 39. gr. laga nr. 129/1997) skal leggja höfuðstól varúðarsjóðsins í heild eða að hluta (í báðum tilvikum þar til að 5% viðmiði er náð) við eignir Lífeyrisaukasjóðs og fjármunirnir nýttir til að mæta skuldbindingum hans. Komi til breytinga á ákvæðum almennra laga um lífeyrissjóði um vikmörk breytast vikmörk þessa samnings til samræmis.
  - b. Að 20 árum liðnum frá stofnun varúðarsjóðs skal leggja höfuðstól hans að hluta eða öllu leyti við eignir Lífeyrisaukasjóðs að því marki sem þörf er á til að tryggingafræðileg staða hans verði jákvæð um a.m.k. 2,5%. Það sem eftir kann að standa af höfuðstóli varúðarsjóðs skal endurgreiða ríkissjóði nema ríkið telji að sérstök rök séu fyrir því að ráðstafa eftirstöðvunum til Lífeyrisaukasjóðs.

*Handwritten signatures in blue ink:*  
TAAH 60  
þor B/Ben




- c. Komi í ljós að varúðarsjóðurinn geti ekki staðið við hlutverk sitt, þ.e. ef eign sjóðsins dugar ekki til að styðja þannig við Lífeyrisaukasjóð að komist verði hjá skerðingu á greiðslum úr honum, skuldbinda launagreiðendur sig til að taka upp viðræður við heildarsamtök opinberra starfsmanna um hvernig við því verði brugðist. Í þeim viðræðum skal lagt mat á hvort þær tryggingafræðilegu forsendur sem byggt er á við ákvörðun á framlagi í Lífeyrisaukasjóð, svo sem forsendur varðandi útreikning á lífslíkum, hafi leitt til vanmats á fjárþörf sjóðsins. Verði það niðurstaðan skal brugðist við því þannig að markmið samkomulags þessa um jafn verðmæt réttindi sjóðfélaga séu tryggð.
- V. Launagreiðendur skipa þrjá fulltrúa í matshóp og bandalög opinberra starfsmanna þrjá fulltrúa sem yfirfer tryggingafræðilega stöðu og ákveður hvort skilyrði fyrir ráðstöfun fjármuna úr Varúðarsjóði séu uppfyllt. Nái matshópur ekki niðurstöðu um nýtingu sjóðsins skulu aðilar velja sameiginlegan oddamann sem tekur sæti í matshópnum.

Reykjavík, 19. september 2016,

F.h. ríkissjóðs:



F.h. Bandalaga opinberra starfsmanna:




## Viðauki 2

með samkomulagi Bandalags háskólamanna, BSRB og Kennarasambands Íslands, annars vegar, og fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. ríkissjóðs, og Sambands íslenskra sveitarfélaga, hins vegar, um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna:

### Varúðarsjóður lífeyrisaukasjóðs A-deildar Brúar

- I. Með sérstöku samkomulagi ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga, annars vegar, og Bandalags háskólamanna (BHM), BSRB og Kennarasambands Íslands (KÍ) er kveðið á um að launagreiðendur leggi A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og A-deild Brúar lífeyrissjóði til fjármuni sem standa munu undir skuldbindingum sem stofnast við greiðslu lífeyrisauka til handa núverandi sjóðfélögum. Þessi framlög myndi sérstaka sjóði, svokallaða Lífeyrisaukasjóði.  
  
Að auki reiða ríki og sveitarfélög fram fjármuni í sérstaka Varúðarsjóði, sem ætlað er að styðja við Lífeyrisaukasjóði LSR og Brúar.
- II. Sveitarfélög leggja til tiltekna fjárhæð í varúðarsjóð Brúar. Fjárhæðin skal vera 2,6 milljarðar kr.
- III. Höfuðstóll varúðarsjóðs er varðveittur og ávaxtaður af Brú, en hann skal aðgreindur frá öðrum fjármunum sem Brúar fer með og telst ekki með í reiknaðri hreinni eign til greiðslu lífeyris. Árleg ávöxtun varúðarsjóðs er lögð við höfuðstól hans.
- IV. Ekki er heimilt að ganga á höfuðstól varúðarsjóðs í fimm ár eftir að til hans er stofnað. Að fimm árum liðnum skal árlega leggja mat á stöðu Lífeyrisaukasjóðs:
  - a. Sé tryggingafræðileg staða Lífeyrisaukasjóðs skv. árlegu mati neikvæð um 10% eða meira í lok næstliðins árs eða sé hún neikvæð um að jafnaði a.m.k. 5% næstliðin 5 ár (sbr. 39. gr. laga nr. 129/1997) skal leggja höfuðstól varúðarsjóðsins í heild eða að hluta (í báðum tilvikum þar til að 5% viðmiði er náð) við eignir Lífeyrisaukasjóðs og fjármunirnir nýttir til að mæta skuldbindingum hans. Komi til breytinga á ákvæðum almennra laga um lífeyrissjóði um vikmörk breytast vikmörk þessa samnings til samræmis.
  - b. Að 20 árum liðnum frá stofnun varúðarsjóðs skal leggja höfuðstól hans að hluta eða öllu leyti við eignir Lífeyrisaukasjóðs að því marki sem þörf er á til að tryggingafræðileg staða hans verði jákvæð um a.m.k. 2,5%. Það sem eftir kann að standa af höfuðstóli varúðarsjóðs skal endurgreiða sveitarfélögum nema þau telji að sérstök rök séu fyrir því að ráðstafa eftirstöðvunum til Lífeyrisaukasjóðs.






- c. Komi í ljós að varúðarsjóðurinn geti ekki staðið við hlutverk sitt, þ.e. ef eign sjóðsins dugar ekki til að styðja þannig við Lífeyrisaukasjóð að komist verði hjá skerðingu á greiðslum úr honum, skuldbinda launagreiðendur sig til að taka upp viðræður við heildarsamtök opinberra starfsmanna um hvernig við því verði brugðist. Í þeim viðræðum skal lagt mat á hvort þær tryggingafræðilegu forsendur sem byggt er á við ákvörðun á framlagi í Lífeyrisaukasjóð, svo sem forsendur varðandi útreikning á lífslíkum, hafi leitt til vanmats á fjárþörf sjóðsins. Verði það niðurstaðan skal brugðist við því þannig að markmið samkomulags þessa um jafn verðmæt réttindi sjóðfélaga séu tryggð.
- V. Launagreiðendur skipa þrjá fulltrúa í matshóp og bandalög opinberra starfsmanna þrjá fulltrúa sem yfirfer tryggingafræðilega stöðu og ákveður hvort skilyrði fyrir ráðstöfun fjármuna úr Varúðarsjóði séu uppfyllt. Nái matshópur ekki niðurstöðu um nýtingu sjóðsins skulu aðilar velja sameiginlegan oddamann sem tekur sæti í matshópnum.


Reykjavík, 19. september 2016,

F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga:



Haukur Haukursson  
Toma Þjótur

F.h. Bandalaga opinberra starfsmanna:



Þórunn Sveinbjarnardóttir  
Höfn B. Þórunn

## SAMNINGUR

### fjármála- og efnahagsráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga um lífeyrismál

#### *Inngangur*

Markmið laga um opinber fjármál nr. 123/2015 er að stuðla að góðri hagstjórn og styrkri og ábyrgri stjórn opinberra fjármála. Í lögunum er kveðið á um reglubundin samskipti og samráð ríkis og sveitarfélaga sem ætlað er að stuðla að framgangi markmiðs laganna. Ríki og sveitarfélög undirrituðu þann 18. apríl 2016 samkomulag um markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga árin 2017-2021, sem m.a. kveður á um það markmið að heildarafkoma sveitarfélaga verði í jafnvægi.

Í h-lið 6. gr. samkomulagsins er kveðið á um að ríki og sveitarfélög vinni sameiginlega að mótun sjálfbærs lífeyriskerfis fyrir opinbera starfsmenn. Breytingar á fyrirkomulagi lífeyrismála opinberra starfsmanna fela í sér að ríki og sveitarfélög leggja A-deild LSR og A-deild Brúar til fjárframlög vegna skuldbindinga sem skapast vegna staðgreiðslu lífeyrisauka og myndunar varúðarsjóða. Með því móti er komið í veg fyrir verulega hækkun lífeyrisframlags launagreiðenda á næsta ári sem hefði að óbreyttu haft veruleg áhrif á afkomu ríkis og sveitarfélaga.

Það er sameiginlegt mat ríkis og sveitarfélaga, að í ljósi fjárhagsstöðu ríkissjóðs annars vegar og sveitarfélaga hins vegar, sé það í þágu settra markmiða um opinber fjármál að ríkissjóður taki yfir um 20,1 ma.kr. af þeim skuldbindingum sem sveitarfélögin hefðu ella borið vegna ofangreindra fjárframlaga. Jafnframt er það sameiginlegur skilningur að í viðræðum ríkis og sveitarfélaga næstu misseri um fjárhagleg samskipti, m.a. vegna áhrifa lagabreytinga, verði tekið tillit til þess stuðnings ríkisins við sveitarfélög sem felst í yfirtöku skuldbindinganna. Í þessu ljósi gera fjármála- og efnahagsráðherra og annars vegar og Samband íslenskra sveitarfélaga hins vegar með sér svohljóðandi samning:

#### *1. gr.*

#### *Grundvöllur*

Samningurinn er gerður í ljósi samkomulags fjármála- og efnahagsráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga við BHM, BSRB og KÍ um breytingar á fyrirkomulagi lífeyrismála opinberra starfsmanna dags. 19. september 2016. Samkomulagið er liður í því að koma á samræmdu lífeyriskerfi og kveður m.a. annars á um upptöku aldurstengdrar ávinnslu, hækkun lífeyristökualdurs og afnám óbeinnar ábyrgðar launagreiðenda.



2. gr.

*Skuldbindingar vegna breytinga á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna*

Með samkomulaginu skv. 1. gr. skuldbinda ríki og sveitarfélög sig til að tryggja að lífeyrisréttindi starfsmanna sem aðild eiga að sjóðunum verði jafnverðmæt m.v. tilteknar forsendur og þau voru fyrir breytingar. Með þessu myndast skuldbindingar hjá lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna vegna staðgreiðslu lífeyrisauka sem nema um 91,3 ma.kr. hjá A-deild LSR og um 28,1 ma.kr. hjá A-deild Brúar. Í því sambandi munu ríki og sveitarfélög leggja A-deild LSR og A-deild Brúar til fjárframlög sem tryggja eiga í senn lífeyrisréttindi og afkomu sjóðanna.

3. gr.

*Fjárframlög ríkissjóðs til A-deildar LSR*

Ríkissjóður mun leggja til um 91,3 ma.kr. fjárframlag vegna allra skuldbindinga sem myndast hjá A-deild LSR. Ríkissjóður á endurkröfurétt vegna skuldbindinga allra launagreiðenda sem greiða í sjóðinn og sem ekki eru fjármagnaðir að meirihluta með skatttekjum. Með skatttekjum samkvæmt þessari grein teljast lögbundnar þjónustutekjur og innlend og erlend framlög, s.s. rannsóknarstyrkir.

4. gr.

*Uppgjör ríkissjóðs vegna skuldbindinga sveitarfélaga sem myndast hjá A-deild LSR*

Áætlað er að um 20,1 ma.kr. af framlagi ríkissjóðs skv. 3. gr. verði varið til uppgjörs vegna skuldbindinga sveitarfélaga og stofnana þeirra sem myndast hjá A-deild LSR. Uppgjör ríkissjóðs er háð því skilyrði að sveitarfélög ábyrgist og geri upp skuldbindingar sínar gagnvart A-deild Brúar og á ríkið endurkröfurétt gagnvart þeim sveitarfélögum sem ekki gera upp skuldbindingar sínar, sbr. 5. og 7. gr.

5. gr.

*Uppgjör vegna skuldbindinga sem myndast hjá A-deild Brúar*

Sveitarfélög ábyrgjast og gera upp skuldbindingar sínar og stofnanna sinna gagnvart A-deild Brúar. Ríkissjóður greiðir um 0,9 ma.kr. framlag til A-deildar Brúar vegna skuldbindinga aðila sem að meirihluta eru fjármagnaðir af ríkissjóði. Launagreiðendur sem greiða í A-deild Brúar og ekki eru fjármagnaðir að meirihluta með skatttekjum gera upp skuldbindingu sína eða greiða reglubundnar greiðslur vegna lífeyrisauka skv. nánari ákvæðum í samþykktum A-deildar Brúar. Með skatttekjum skv. þessari grein teljast lögbundnar þjónustutekjur og innlend og erlend framlög, s.s. rannsóknarstyrkir.

6. gr.

*Skuldbindingar stofnana og félaga í eigu ríkis og sveitarfélaga*

Ríki og sveitarfélög munu tryggja að stofnanir og félög í þeirra eigu geri upp skuldbindingar sínar eða greiði viðbótariðgjald með reglubundnum hætti og að starfsmenn þessara aðila sæti ekki neins konar mismunun sem af því kann að hljóta, svo sem vegna kostnaðar.

7. gr.

*Framlög í varúðarsjóði*

Ríkissjóður leggur til um 8,4 ma.kr. framlag í varúðarsjóð A-deildar LSR og sveitarfélög um 2,6 ma.kr. framlag í varúðarsjóð A-deildar Brúar. Framlög sveitarfélaga í varúðarsjóð A-deildar Brúar skiptast á milli sveitarfélaga í sömu hlutföllum og uppgjör þeirra skv. 5. gr.

8. gr.

*Fyrirvarar*

Samningurinn er undirritaður með fyrirvara um að Alþingi samþykki nauðsynlegar lagabreytingar og fjárheimildir. Samningurinn er undirritaður með fyrirvara um staðfestingu stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Samningurinn öðlast gildi gagnvart einstökum sveitarfélögum við samþykkt viðkomandi sveitarstjórna á uppgjöri þeirra á skuldbindingum sem myndast í A-deild Brúar.

9. gr.

*Gildistími*

Samningur þessi er ótímabundinn og án uppsagnarákvæða. Heimilt er samningsaðilum að kveða nánar á um framkvæmd hans í samkomulagi ríkis og sveitarfélaga á grundvelli laga opinber fjármál.


Reykjavík 19. september 2016,



fjármála- og efnahagsráðherra  
f.h. ríkissjóðs



Formaður  
f.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga



Framkvæmdastjóri  
f.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga